



Fundargerð

422. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Fimmtudaginn 17. maí 2018 kl. 20.00, aukafundur.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, þrjú mál bárust, samþykkt var að taka þau til afgreiðslu og umræðu undir liðnum önnur mál, þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. Skipulags-, húsnæðis-, og hafnarnefnd 14. maí 2018.

Farið yfir fundargerðina.

1.1 1802002 - Breytingar á deiliskipulagi athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir breytt deiliskipulag athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey og felur byggingafulltrúa að afgreiða tillögunar til Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

1.2 1805010 - Umsókn um lóð í Flatey.

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar, ekki stendur til að úthluta umræddri lóð. Samþykkt samhljóða.

1.3 1805011 - Leyfi Þörungaverksmiðjunnar til heimavigtunar, umsögn.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

1.4 1607016 - Lagning ljósleiðara um Reykhólahrepps, staða framkvæmda.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1805002 - Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018.

1.1 Kjörskrá.

Kjörskrárstofn barst frá Þjóðskrá 15. maí 2018. Sveitarstjórn fór yfir kjörskrárstofninn, breytingar voru gerðar vegna andláts tveggja aðila. Sveitarstjórn samþykkir kjörskrárstofninn, ásamt breytingum, sem kjörskrá sveitarfélagsins. Kjörskrá samþykkt samhljóða. Kjörskrá undirrituð af oddvita og mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi. Sveitarstjóra og oddvita gefið fullt leyfi til að leiðrétta kjörskrána fram að kjördegi. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

2. 1805015 - Viðauki við fjárhagsáætlun, flutningur fjármagns á milli liða.

Lögð er fram er tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun, færsla fjármagns á milli liða. 8 millj. kr. verði fluttar af eignarsjóði vegna Reykhólaskóla, fé sem var ætlað í þakviðgerð á árinu, yfir á stofnkostnað vegna viðbyggingu við Hólabúð, Hellisbraut 72. Samþykkt samhljóða.

3. 1805016 - Umsókn um rekstrarleyfi, beiðni um umsögn.

Erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 15. maí 2018

Fyrir liggur erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum vegna úgáfu rekstrarleyfis til handa Hagalín ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki IV að Hótel Bjarkalundi, ásamt umsókn Hagalíns ehf.

Sveitastjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkiliðsstjóra Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

4. Mannauðsstefna Reykhólahrepps.

Lögð erum fram drög að mannauðsstefnu Reykhólahrepps til kynningar. Mannauðsstefnan er í vinnslu Guðrúnar Guðmundsdóttur. Farið var yfir stefnuna. Sveitarstjórn líst mjög vel á framlögð drög.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20:50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____